

## Lög Landssambands ungmennafélaga

### I. KAFLI

#### Nafn og aðsetur

1. gr.

Landssamband ungmennafélaga, skammstafað LUF, er ungmennaráð Íslands. Á ensku heita samtökin The National Youth Council of Iceland og á frönsku Le Conceil de la jeunesse Islandaise. Aðsetur og varnarþing er í Reykjavík.

### II. KAFLI

#### Hlutverk og markmið

2. gr.

LUF er samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga og veitir stjórnvöldum ráðgjöf og aðhald í málefnum ungs fólks. LUF starfar sjálfstætt óháð pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum þrýstingi. LUF vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum ungs fólks og frjálsra ungmennafélaga. LUF er málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum og alþjóðlegum stofnunum og hefur heimild til aðgerða, m.a. málshöfðunar, til verndar heildarhagsmunum ungs fólks. LUF vinnur að því að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi og er fulltrúi aðildarfélaga í margvíslegu erlendu samstarfi. LUF veitir aðildarfélögum ekki samkeppni í starfi þeirra, en framkvæmir samkvæmt vilja þeirra.

3. gr.

Markmið LUF eru eftirfarandi:

- a) Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.
- b) Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.
- c) Að standa fyrir leiðtogafræðslu og stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.
- d) Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
- e) Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.
- f) Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
- g) Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaga þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða.
- h) Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
- i) Að stuðla að umræðu, þekkingarsköpun, rannsóknum ásamt forvörnum í tengslum við málefni ungs fólks.

### III. KAFLI

#### Aðildarfélög

4. gr.

Fulla aðild að LUF geta fengið þau ungmennafélög sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Eru viðurkennd landssamtök ungs fólks, eða starfa fyrir ungt fólk.
- b) Eru lýðræðisleg, frjáls og sjálfstætt starfandi félög.
- c) Meginþungi starfseminnar er að vinna fyrir ungmenni og málefni þeirra.
- d) Félag geta ekki verið með tvöfalda aðild, þ.e. verið aðildarfélag LUF en einnig aðildarfélag annars félags sem einnig er aðildarfélag LUF.

e) Ef starfið er hluti af viðtækari starfssemi þarf aðildarfélagið að vera sérstök ungmennadeild sem er með sjálfstæða ákvarðanatöku í eigin málum frá meginfélaginu.

f) Mismuna ekki fólki vegna kynferðis, kynhneigðar, kyntjáníningar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða stöðu að öðru leyti.

g) Starfa vilja samkvæmt lögum þessum.

Ungliðadeildir innan frjálsra félagasamtaka og ungmennaráð stofnanna sem eru ekki með sjálfstæða ákvörðunartöku geta fengið áheyrnaraðild. Félög sem hafa áheyrnaraðild hafa fullan aðgang að félaginu en hafa ekki atkvæðisrétt á leiðtogaráðsfundum eða sambandsþingi og geta ekki átt fulltrúa í framkvæmdastjórn. Félögum með áheyrnaraðild ber að greiða árgjald til félagsins og hafa vilja til að starfa samkvæmt lögum þessum.

5.gr.

Til þess að fá fulla aðild að LUF þurfa umsækjendur að skila skriflegri umsókn til stjórnar ásamt lögum félagsins og starfslýsingu, minnst tveimur vikum fyrir sambandsþing. Telji stjórn að umsækjandi uppfylli aðildarskilyrði fær hann áheyrnaraðild. Umsókn skal síðan lögð fyrir sambandsþing og öðlast umsækjandi fulla aðild með staðfestingu þingsins. Telji stjórn að umsækjandi uppfylli ekki aðildarskilyrði getur leiðtogaráð veitt honum áheyrnaraðild gegn yfirlýsingu um að umsækjandi áformi að aðlaga sig að skilyrðum 4. gr. þessara laga.

6.gr.

Að loknum aðalfundum sínum skulu aðildarfélög senda LUF ársskýrslu sína, lagabreytingar, upplýsingar um breytingar á stjórn og fjölda félagsmanna.

7.gr.

Tilkynning um úrsögn aðildarfélags skal berast skriflega til stjórnar. Leggist aðildarfélag niður, fellur aðild þess að LUF sjálfkrafa úr gildi.

8.gr.

Aðildarfélög LUF hafa rétt til þess að taka þátt í starfi þess og að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem fjallað er um innan LUF. Aðildarfélögin eru fullkomlega sjálfstæð og er LUF ekki heimilt að hlutast til um starfsemi þeirra. Þó er LUF heimilt að senda félögum erindi ef starfsemi félagsins brýtur gegn lögum þessum.

#### IV. KAFLI Sambandsþing

9.gr.

Sambandsþing LUF er æðsta vald sambandsins og hefur úrskurðarvald í öllum málefnum þess. Þingið skal koma saman fyrir lok febrúar ár hvert.

10.gr.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal senda aðildarfélögum dagskrá þingsins, ársreikninga og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem stjórn og/eða leiðtogaráð hyggst leggja fyrir þingið.

11. gr.

Hverju aðildarfélagi er heimilt að tilnefna tvo fulltrúa á sambandsþing, einn aðalfulltrúa sem fer með atkvæðisrétt síns félags auks eins varafulltrúa. Aðildarfélög skulu tilkynna fulltrúa sína til stjórnar viku fyrir þing. Skal skriflegt umboð frá oddvita eða staðgengli hans fylgja. Stjórn situr sambandsþing. Stjórnarmenn hafa ekki atkvæðisrétt og geta ekki setið sem fulltrúar sinna aðildarfélaga.

12. gr.

Félögum með áheyrnaraðild er heimilt að tilnefna tvo fulltrúa á sambandsþing. Hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Félögin skulu tilkynna fulltrúa sína til stjórnar viku fyrir þing og skal skriflegt umboð frá oddvita eða staðgengli hans fylgja. Ef félög með áheyrnaraðild öðlast fulla aðild á þingi, fær aðalfulltrúi þeirra samstundis atkvæðisrétt.

13. gr.

Stjórn er heimilt að boða gesti á sambandsþing. Hafa þeir málfrelsi en hvorki tillögu- né atkvæðisrétt.

14. gr.

Atkvæðisrétt hafa einungis fulltrúar fullgildra aðildarfélaga. Félag telst fullgilt hafi það fulla sambandsaðild og skuldi ekki félagsgjöld til LUF. Atkvæðafjöldi hvers félags á sambandsþingi ræðst af félagatali hvers aðildarfélags og reiknast þannig:

0-200 félagar = 1 atkvæði

201-400 félagar = 2 atkvæði

401-800 félagar = 3 atkvæði

801-1600 félagar = 4 atkvæði

1601-3200 félagar = 5 atkvæði

3201-6400 félagar = 6 atkvæði

6400+ félagar = 7 atkvæði

Aðildarfélög sem byggja ekki á einstaklingsaðild er úthlutað atkvæðafjölda eftir fjölda hópa, skóla, nemenda- eða ungmennaráða sem eru með aðild að, eða tengjast sambandinu með beinum hætti.

Meirihluti félagsmanna hvers hóps með aðild verða að teljast til ungmenna til að telja við úthlutun atkvæða. Þannig hafa aðildarfélög með 5 eða færri aðildarhópa 1 atkvæði, 10 eða færri hafa 3 atkvæði, 20 eða færri hafa 5 atkvæði og fleiri en 20 hafa 7 atkvæði.

Skulu aðildarfélög hafa skilað inn félagatali eða gert grein fyrir fjölda aðildarhópa, vottuðu af stjórn hvers félags, til skrifstofu LUF eigi síðar en viku fyrir sambandsþing. Hafi aðildarfélag ekki skilað inn félagatali eða fjölda aðildarhópa fyrir áður nefndann tíma skal atkvæðafjöldi áætlaður út frá upplýsingum fyrra árs, hafi aðildarfélag ekki skilað inn upplýsingum árinu áður fær það einungis 1 atkvæði til umráða á sambandsþingi. Aðeins fullgildir meðlimir aðildarfélaga upp að 35 ára aldri geta talist inn í félagatal sem ræður atkvæðafjölda á sambandsþingi.

15. gr.

Svo sambandsþing sé löglegt þurfa þingfulltrúar frá minnst þriðjungi aðildarfélaga að vera viðstaddir og löglega hafi verið til þess boðað, sbr. 10. gr. þessara laga. Heimilt er að boða til

aukasambandsþings og gilda sömu reglur um lögmæti þeirra og sambandsþinga, en bregða má frá hefðbundinni dagskrá sambandsþings skv. 18. gr. sem og ákvæðum 10. gr., í samræmi við viðfangsefni þingsins.

16.gr.

Í kjörbréfanefnd skulu kosnir þrír fulltrúar af þingi. Skal hún strax að kosningu sinni lokinni kanna kosningarétt þingfulltrúa.

17.gr.

Til þess að lagabreytingatillögur nái fram að ganga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Í öðrum ákvörðunum nægir einfaldur meirihluti.

18.gr.

Dagskrá sambandsþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning og kosning þingforseta.
2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar.
3. Inntaka nýrra aðildarfélaga.
4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu.
5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
6. Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu.
7. Árgjald.
8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu.
9. Lagabreytingatillögur.
10. Tilkynningar um framboð til forseta, varaforseta, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna rennur út.
11. Kynning á skipan leiðtogaráðs.
12. Kosning forseta, varaforseta, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna. Stjórnarmenn eru kjörnir hver á eftir öðrum í framangreindri röð. Hljóti þingfulltrúi ekki kjör í það embætti sem hann óskaði sér gefst honum kostur á að bjóða sig fram í annað embætti.
13. Kosning skoðunarmanna reikninga.
14. Önnur mál.

## V. KAFLI

### Leiðtogaráð

19.gr.

Oddvitar aðildarfélaga, auk eins varafulltrúa úr stjórnnum aðildarfélaga, skulu skipa leiðtogaráð LUF. Varafulltrúar sem sitja fundi leiðtogaráðs bera ekki atkvæðisrétt. Nýskipað leiðtogaráð skal taka við á þingi og er starfstími þess eitt starfsár. Ef oddviti hættir á starfstímabilinu skal oddviti sama félags taka sæti hans og skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það stjórn LUF. Oddvita er heimilt að boða í sinn stað varaoddvita eða annan staðgengil á fund leiðtogaráðs. Hlutverk leiðtogaráðs er að efla samstarf milli aðildarfélaganna og vera tengiliður aðildarfélaga við LUF. Oddvitar aðildarfélaga geta ekki setið samtímis í leiðtogaráði og í stjórn LUF.

Alþjóðaráð ásamt Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum hafa seturétt, málfrelsi og tillögurétt á leiðtogaráðsfundum.

20. gr.

Leiðtogaráð fer með æðsta vald í málefnum LUF á milli þinga og skal starfa í samráði við samþykktir síðasta þings. Leiðtogaráð kemur saman í hið minnsta tvisvar á starfstímabilinu. Stjórn gerir tillögu að dagskrá og niðurröðun dagskrárliða, en fylgja skal eftirfarandi undantekningalaust:

1. leiðtogaráðsfund skal halda fyrir lok apríl til að samþykkja framkvæmdaáætlun stjórnar og fjárhagsáætlun starfsársins.

2. leiðtogaráðsfund skal halda fyrir lok nóvember, þá skal stjórn kynna áfangaskýrslu sína fyrir ráðinu, upplýsa um framvindu framkvæmdaáætlunar og fjárhagsstöðu m.v. áætlun.

Alþjóðaráð skal koma saman sérstaklega að minnsta kosti einu sinni yfir starfsárið.

21. gr.

Auka leiðtogaráðsfundur skal haldinn ef minnst fjórðungur leiðtogaráðsmeðlima fara fram á það. Stjórn situr leiðtogaráðsfundi með tillögu og atkvæðisrétt. Ef atkvæði innan leiðtogaráðs falla jöfn skal atkvæði oddvita leiðtogaráðs gilda tvöfalt. Varaforseti stjórnar er jafnframt oddviti leiðtogaráðs.

22. gr.

Stjórn LUF er heimilt að boða til sérstakra samráðsfunda leiðtogaráðs til að afgreiða mál sem varða samráð stjórnvalda við LUF. Á þeim fundum hafa áheyrnaraðildarfélag atkvæðisrétt. Stjórn LUF er heimilt að boða gesti á slíka samráðsfundi og hafa þeir málfrelsi en ekki tillögu- og atkvæðisrétt. Leitast skal við að halda samráðsfundi leiðtogaráðs samhliða föstum fundum ráðsins.

## VI. KAFLI

### Stjórn

23. gr.

Framkvæmdastjórn fer með málefni félagsins í samræmi við ákvarðanir félagsins, fjárreiður þess og kemur fram fyrir hönd félagsins út á við. Framkvæmdastjórn er skipuð forseta, varaforseta og gjaldkera sambandsstjórnar. Alþjóðafulltrúi sambandsstjórnar er varamaður í framkvæmdastjórn. Kjörgengi til framkvæmdastjórnar hafa allir félagsmenn fullgildra aðildarféлага á aldrinum 18-35 ára.

Í sambandsstjórn skulu kjörnir sjö aðalmenn og tveir varamenn. Skulu þeir einstaklingar sem bjóða sig fram hafa sent inn framboð sitt, samþykkt af oddvita þess aðildarfélags sem hann hefur umboð frá, til kjörbréfanefndar á sambandsþingi. Sambandsstjórn samanstendur af forseta, varaforseta, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa, tveimur meðstjórnendum og tveimur varamönnum.

Kjörgengi til sambandsstjórnar hafa allir félagsmenn fullgildra aðildarféлага upp að 35 ára aldri. Forseti, varaforseti, alþjóðafulltrúi og gjaldkeri skulu hafa náð 18 ára aldri.

24.gr.

Hvert fullgilt aðildarfélag LUF getur boðið fram einn fulltrúa til setu í sambandsstjórn. Séu fleiri en einn fulltrúi í framboði til embættis kýs sambandsþing á milli þeirra í leynilegri kosningu, ella teljast frambjóðendur sjálfkjörnir. Hvert fullgilt aðildarfélag getur boðið fram annan fulltrúa til sambandsstjórnar ef skilyrði a) eða b) liðar eru fyrir hendi, en aldrei fleiri en tvo.

a) Berist ekki nægilega mörg framboð til sambandsstjórnar á sambandsþingi skal stjórn LUF óska eftir frekari framboðum á þinginu.

b) Láti fulltrúi í sambandsstjórn af störfum milli sambandsþinga skal stjórn LUF auglýsa eftir framboðum í embætti hans úr hópi aðildarféлага og kýs leiðtogaáráð á milli þeirra, eftir sömu reglum og gilda um kosningu á sambandsþingi.

25.gr.

Framkvæmdastjórn annast daglegan rekstur sambandsins svo sem almenna stjórnsýslu, fjármál o.s.frv. í samráði við ákvarðanir sambandsþings, leiðtogaáráðs og sambandsstjórnar. Sambandsstjórn er heimilt að stofna vinnuhópa og nefndir sem starfa innan valdsviðs LUF.

26.gr.

Miða skal við að framkvæmdastjórn og sambandsstjórn komi saman mánaðarlega. Ef atkvæði innan sambandsstjórnar falla jöfn skal atkvæði forseta ráða úrslitum.

27.gr.

Á fyrsta fundi nýrrar sambandsstjórnar skal stjórn skilgreina hlutverk meðstjórnenda og setja sér verk- og vinnulagsreglur. Skal aðildarfélögum veittur aðgangur að tédum reglum.

28.gr.

Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast daglegan rekstur skrifstofu LUF eða önnur störf sem framkvæmdastjórn felur þeim. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmeðlim sem framkvæmdastjóra. Starfsmenn LUF hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar en ekki atkvæðisrétt.

29.gr.

Sambandsstjórn skal hafa frumkvæði að því að koma á samstarfi og auknum samskiptum milli aðildarféлага, jafnvel í formi stofnunar sérstakra undirdeilda eftir því sem við á hverju sinni.

30.gr.

Komi upp misferli í starfi LUF, t.d. brot á lögum eða siðareglum félagsins, skal sambandsstjórn taka til viðeigandi aðgerða. Eftir atvikum í samráði við yfirvöld. Einfaldur meirihluti sambandsstjórnar LUF getur vikið stjórnarmanni eða oddvita aðildarfélags í leiðtogaáráði úr embætti komi upp misferli. Boða skal til leiðtogaáráðsfundar innan mánaðar frá þeirri ákvörðun og þarfnast hún samþykkis 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi.

## VII. KAFLI

### Fjármál

31.gr.

Á Sambandsþingi skal ákveða árgjöld aðildarfélaga. Aðildarfélög geta óskað eftir undanþágu frá árgjaldi ef það hefur ekki fjárhagslega burði til greiðslu þess. Undanþágubeiðni skal send til sambandsstjórnar LUF ásamt gögnum til rökstuðnings.

32.gr.

Reikningsár LUF skal vera almanaksárið. Eigi síðar en tveim vikum fyrir sambandsþing skal senda aðildarfélögum ársreikninga sambandsins, og á sambandsþingi skal leggja þá fram til samþykktar.

33.gr.

Ársreikningar LUF skulu skoðaðir af tveimur félagskjörnum skoðunarmönnum sem kosnir eru á sambandsþingi. Skoðunarmenn geta ekki setið í leiðtogaráði eða stjórn á sama tíma.

## VIII. KAFLI

### Sambandsslit

34.gr.

LUF skal lagt niður ef meira en 2/3 aðildarfélaga krefjast þess á sambandsþingi. Skal sambandsþing þá skipa skiptanefnd sem í sitja sjö fulltrúar aðildarfélaga, þó aldrei fleiri en einn frá hverju aðildarfélagi. Skal nefndin annast frágang félagslegra og fjárhagslegra skuldbindinga og eigna. Skulu eftirstandandi eignum félagsins ráðstafað til góðgerðarstarfsemi í þágu ungs fólks.

## IX. KAFLI

### Lagabreytingar og gildistaka

35.gr.

Lagabreytingar skulu eingöngu eiga sér stað á sambandsþingi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast til stjórnar, minnst þremur vikum fyrir þing. Lagabreytingatillögur eru sendar til aðildarfélaga ekki seinna en tveimur vikum fyrir þing. Lagabreytingar öðlast gildi ef a.m.k. 2/3 greiddra atkvæða eru þeim samþykk.

36.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögum þessum var breytt á Sambandsþingi LUF 2007, 2008, 2009, 2012, 2013, 2016, 2017, 2019, 2020, 2022 og 2023.